

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	ÍSL 403 Kennsluáætlun haustönn 2010	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 3		

Kennari	Benedikt Bragason, Jóna Valborg Árnadóttir	Sk.st.	BEB, JVÁ
----------------	--	---------------	-----------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á tengsl máls, bókmennta og þjóðfélags frá siðaskiptum fram yfir aldamótin 1900. Nemendur lesa valda texta tímabilsins sem vekja athygli þeirra á því hvernig málfar íslenskra bókmennta og bókmenntirnar sjálfar spegla þjóðfélagsaðstæður og menningarlíf, tíðaranda, strauma og stefnur á tímum lærdómsaldar, upplýsingar, rómantíkur og raunsæis. Nemendur fá einnig tækifæri til að tjá sig í ræðu og riti um einstök verk og höfunda þeirra

Markmið:

Nemandi:

- skilji hvað felst í hugtökunum lærdómsöld, upplýsing, rómantík og raunsæi þegar
- fjallað er um bókmenntir og lesi texta frá þessum tímabilum og átti sig á einkennum
- þeirra,
- geti gert sér grein fyrir nokkrum helstu höfundum og verkum tímabilsins,
- geti greint algengustu stílbrögð í texta, bæði í bundnu og óbundnu máli,
- þjálfist í að tjá sig í ræðu og riti um valin verk og höfunda,
- myndi sér skoðun á einstökum verkum og höfundum sem er rökstudd með vísunum til
- málfars- og stíleinkenna,
- fái tækifæri til að nýta sér fræðsluefni eða listrænt efni í hljóð- og myndformi, t.d. efni
- á myndböndum, geisladiskum, snældum og margmiðlunarefni, sem unnið hefur verið
- í tengslum við bókmenntir tímabilsins,
- temji sér virðingu gagnvart heimildum og þjálfist í frágangi heimildaskrár.

Námsgögn:

Ormurinn langi. Leiftur úr íslenskum bókmenntum 900-1900. Útgáfu önnuðust Bragi Halldórsson, Knútur S. Hafsteinsson og Ólafur Oddsson. (Útg. 2005 eða síðar).

Piltur og stúlka eftir Jón Thoroddsen í útgáfu Bjarts frá 2008.

Ítarefni á bókasafni VMA, frá kennurum og nemendum.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	ÍSL 403 Kennsluáætlun haustönn 2010	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 3		

Áætlun um yfirferð:

1. Iota 19.08-10.09

Lærdómsöldin (bls. 183-244 í OL). Hugað að helstu einkennum tímabilsins, höfundum og verkum. Sérstök áhersla lögð á að draga fram einkenni tímabilsins og trúarlega hugmyndafræði þess. Lesin sýnishorn af trúarlegum og veraldlegum textum.

2. Iota 2 13.9-24.9

Upplýsingaröldin (bls. 245-268 í OL). Lesnir textar frá tímabilinu, bæði í bundnu og óbundnu máli. Sérstök áhersla lögð á að draga fram einkenni upplýsingarinnar, þá hugmyndafræði sem hún boðar og þau áhrif sem hún hafði á íslenskt þjóðlíf.

3. Iota 27.10-22.10

Rómantíska stefnan (bls. 269-352 í OL). Skáldsagan **Piltur og stúlka** og inngangur að henni. Megináhersla lögð á einkenni stefnunnar, breytta hugmyndafræði varðandi skáldskapinn, viðhorf til lands og þjóðar, yrkisefni og þann séríslenska svip sem sjálfstæðisbaráttan setur á rómantíkina. **Piltur og stúlka** lesin og skilgreind með ýmsum hætti. Auk hennar verða lesnir ýmsir aðrir textar frá tímabilinu sem flestir eru í bundnu máli.

4. Iota 25.10-5.11.

Raunsæið (bls. 353-410 í OL). Helstu einkenni stefnunnar skoðuð og lesnir textar þar sem lögð er áhersla á þjóðfélagslega gagnrýni sem var áberandi hjá höfundum stefnunnar.

5. Iota 9.11-30.11

Verkefnavinna: Nemendur undirbúa og flytja fyrirlestra/vinna verkefni úr völdum textum kennslubókar og ítarefni.

Verkefni og próf á önninni:

Krossapróf úr lærdóms- og upplýsingaröld í lok lotu 2 (10%)

Fyrirlestur úr *Pilti og stúlku* í lok lotu 3 (10%)

Krossapróf úr efni rómantíkur og raunsæis í lok lotu 4 (10%)

Fyrirlestur úr efni tímabilsins í annarlök (10%)

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	ÍSL 403 Kennsluáætlun haustönn 2010	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 3		

Námsmat og vægi námsþátta:

Munnlegt: Fyrirlestur úr <i>Pilti og stúlku</i>	10%
Fyrirlestur/verkefni úr efni annarinnar	10%
Skriflegt: Tvö krossapróf	20%
Lokapróf	60%

Annað: Til að einkunnir fyrir verkefni annarinnar fáiast metnar þarf að ná a.m.k. 4.5 á lokaprófi áfangans.

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils